

### 3. fundur, 18. mars 2013

Mættir: Finnur 2.b, Sigrún 2.b, Karen 4.TB, Jón 4.EE, Erla 6.TiB, Daníel 6.IÓT, Bjarki 8.SA, Ríkey 10.KJ, Aron 10.IDS, Alda, Valla, Sigrún og Inda.

Byrjuðum á því að ræða flokkun og annað tengt sorpi í stofum. Í ljós kom að margir eru farnir að senda nemendur heim með plast og matarleifar. Er það vel... Unglingarnir þurfa aðeins að taka sig á...

Horfðum á myndband Hringrásar um málma. Byrjuðum að gera spurningar sem verða hluti af spurningarleik um endurvinnslu.

Fórum síðan yfir sáttmálann og völdum næstu greinar úr honum til að ræða. Tveimur setningum var skellt saman og skrifuðu nemendur þær á „skilti“ til að fara með inn í stofurnar.

Næsti fundur verður fljótlega!